

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Hnaus 2, L192333.

Breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi að Hnaus 2, L192333, sem felur í sér stækkun hótellóðar um 1,3 ha á byggingarreit, geymslu og aðstöðu fyrir starfsfólk. Þrjár lóðir, Mosató nr. 1, 2 og 5 (eftir breytingu) verða íbúðarlóðir.

Fristundalóð sem áður var Mosató 4 (fyrir breytingu) fær breytta lögun og stofnaðar eru 2 nýjar lóðir beggja vegna við hana, Mosató 6 og 8, og breytast lóðanúmer til samræmis við það. Fjórar nýjar frístundalóðir eru stofnaðar sunnan við bæjarhús Hnauss 2, Hnausás 1, 2, 3 og 4. Frístundahúsalóðir eru því samtals 9 eftir breytingu og breytast númer á nokkrum stöðum. Lóð undir skemmu er jafnframt stofnuð neðan við bæinn Hnaus 2.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. apríl 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 28. maí 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.